

**Lífið**  
**samtök um líknandi meðferð**

Stjórnina skipa:

*Formaður:*

Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir líknadeild  
LSH Kópavogi  
[valgersi@landspitali.is](mailto:valgersi@landspitali.is)

*Varaformaður*

Ásdís Þórbjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur  
Hjúkrunarþjónustan Karitas  
[asdis@karitas.is](mailto:asdis@karitas.is)

*Ritari:*

Guðrún Dóra Guðmannsdóttir  
Hjúkrunarfræðingur LSH Landakoti  
Sérfræðingur í öldrunarhjúkrun  
[gudrundg@landspitali.is](mailto:gudrundg@landspitali.is)

*Gjaldkeri:*

Lilja Arnardóttir, hjúkrunarfræðingur  
geisladeild 10K LSH  
[liljarn@landspitali.is](mailto:liljarn@landspitali.is)

*Meðstjórnendur og varamenn*

Rósa Kristjánsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og djákni  
[rosakris@landspitali.is](mailto:rosakris@landspitali.is)

Bryndís Gestsdóttir, deildarstjóri,  
Líknardeild LSH Landakoti  
[bryndisg@landspitali.is](mailto:bryndisg@landspitali.is)

Marnhild Hilma Kambssenni  
Sjúkraliði með sérnám í hjúkrun aldraðra  
Krabbameinsdeild 11E LSH  
hilma56@hotmail.com



## Samtök um líknandi meðferð

*2.tbl. 10 árgangur desember 2007*



*Samtökin óska þér og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs*



## Hugleiðing á aðventu

Eftir Rósu Kristjánsdóttur djákna

Á aðventunni kemur gjarnan yfir mann þörf fyrir það að líta yfir farin veg, skoða árið sem er senn að líða og hvað það er sem stendur þá uppúr og hugsanirnar beinast að.

Hátíðin sem við erum að undirbúa á aðventunni er haldin hátíðleg vegna fæðingar frelsara okkar manna sem fæddist á jólum og gerðist maður í öllu.

Mennskan er okkur sem störfum með fólki í öllum mögulegum aðstæðum í lífi þeirra svo mikilvæg að við viljum að hún sé virt þrátt fyrir framfarir í vísindum og nauðsyn þess að vera fagleg.

Stórar siðferðilegar spurningar koma gjarnan upp sem við þurfum að skoða mjög vandlega og þá einnig sérstöðu hvers einstaklings.

Við höfum verið rækilega minnt á að vera varkár og setja ekki alla menn undir sama hatt. Mikilvægi þess að horfa á hvern og einn sem sérstaka manneskju með sína

sérstöðu og ekki síst að reyna líta til lífssögu hvefarr manneskju eins og tök eru á.

Þarfir okkar eru mismunandi þegar frumþarfir manneskjunnar eru frátaldar.

Innan heilbrigðisgeirans hafa orðið miklar breytingar á síðast liðnum árum og ég verð að segja að í öllu því sem þeim hefur fylgt finnst mér hafa komið í ljós þvilkann mannað er að finna innan stofnanna hans. Reynt hefur á marga þætti í mannlegum samskiptum og aðáun mín er mikil, hvernig fólk hefur lagt allt sem það á til, til að ráða sem best framúr erfiðum aðstæðum.

Mér hafa komið í hug orðin sem standa í 12 kafla Rómverjabréfsins en þar segir m.a.:

“Vér höfum margvíslegar náðagjafir, eftir þeirri náð sem oss er gefin. Sé það spádómsgáfa, þá notum hana í hlutfalli við trúna. Sé það þjónusta, skulum vér þjóna. Sá sem kennir hann kenni, sá sem áminnir hann áminni. Sá sem útbýtir gjöfum, gjöri það í einlægni. Sá sem veitir forstöðu, sé kostgæfinn og sá sem iðkar miskunsemi, gjöri það með gleði.”

Mjög mikilvægt er fyrir okkur öll að við fáum notið okkar sem einstaklingar í þeim störfum sem við erum í og styrkleiki hvefarr einingar er einmitt það að við búum öll yfir sérstöðu að einhverju leyti og þeir sem með mannaforráð fara þurfa að leggja mikið upp úr því að kynnast kostum og styrkleika starfsfólks síns eins og möguleiki er og þora að nýta sér þá.

Mig langar að deila með ykkur ljóði í frásöguformi sem ég rakst á í dagblaði fyrir nokkru, sagan er að mínu mati

góð ábending til okkar allra um það hvernig hægt er að halda niðri frumkvæði einstaklinga ef við gefum þeim ekki tækifæri á að njóta sín.

Sagan segir frá litlum dreng sem hefur skólagöngu í stórum skóla. Dag einn segir kennarinn að nú skuli allir teikna mynd. Fínt, hugsaði litli drengurinn, sem hafði gaman af því að teikna alls kyns myndir af ljónum, tígrisdýrum, hænsfuglum og kúm, lestum og bátum. Hann dró fram litina sína og byrjaði að teikna. En kennarinn sagði: Bíddu! Tími er ekki komin til að byrja ! Og hún beið þar til allir virtust vera tilbúnir. “ Við ætlum að teikna blóm, sagði kennarinn. Fínt, hugsaði litli drengurinn. Honum þótti gaman að búa til falleg blóm með bleikum, appelsínugulum og bláum litum. En kennarinn sagði: Bíddu! Tími er ekki komin til að byrja! Og hún beið þar til allir virtust vera tilbúnir. Ég ætla að sýna ykkur hvernig.. Og hún teiknaði rautt blóm með grænum stilk. Svona, sagði kennarinn. “ Nú getið þið byrjað. “ Síðan segir frá hverju verkefninu á fætur öðru og þar kom að drengurinn lærði að bíða og fylgdist með. Hann lærði að gera eins og kennarinn vildi. Smám saman kom að því að frumkvæði hans varð ekkert. Svo kemur að því að drengurinn skipti um skóla vegna flutnings. Og nýi kennarinn sagði: Í dag ætlum við að teikna mynd. Fínt, hugsaði drengurinn, og beið eftir því að kennarinn segði hvað ætti að gera. Kennarinn sagði ekkert og gekk um herbergið.

Síðasta erindi hljóðar svo:

Þegar hún kom að drengnum litla

spurði hún: Viltu ekki búa til mynd ?

Jú: sagði drengurinn litli.

Hvað eigum við að búa til ?  
Ég veit það þegar þú býrð hana til, svaraði kennarinn.  
Hvernig á ég að hafa hana ? spurði drengurinn litli.  
Alveg eins og þér sýnist, sagði kennarinn.  
Og hvaða lit sem er ? spurði drengurinn litli.  
Ef allir búa til sömu mynd og nota sömu liti hvernig á ég  
þá að þekkja þær sundur og hver gerði hverja ?  
Ég veit það ekki, svaraði litli drengurinn.  
Og hann byrjaði á rauðu blómi með grænum stilk.

Sá sem Drottinn sendi okkur mönnum á jólum var sendur til að vera okkur mönnum fyrirmynd og til að styrkja okkur hvert og eitt í því að vera við sjálf og í hans augum erum við öll jöfn. Okkar mannanna er, að fara að hans fordæmi og virða hvert annað og leyfa okkur að njóta samvistanna hvert við annað.

Aðventan og hátíðin framundan getur skapað okkur góða umgjörð um lífið og létt okkur skammdegið en fyrst og fremst er hún stærsta gjöfin sem Guð hefur gefið okkur.

Jólahátíðin er gjarnan kölluð friðarhátíð og þennan frið hefur Kristur boðið okkur í samfélagi við sig.

Megi aðventan og jólahátíðin verða ykkur og fjölskyldum ykkar samvera friðar og hamingju á þann hátt sem þið sjálf veljið og aðstæður ykkar leyfa./RK

\*\*\*

## **Skýrsla formanns frá síðasta aðalfundi Lífsins, samtaka um líknandi meðferð**

Starfsárið 2006-2007 var óvenju annasamt fyrir stjórnina. Valgerður Sigurðardóttir læknir var endurkosin formaður og sat fyrra ár sitt. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í september skiptu stjórnarmenn með sér störfum. Áfram héldu Bryndís Gestsdóttir hjúkrunarfræðingur í starfi gjaldkera og Lilja Arnardóttir hjúkrunarfræðingur í starfi ritara. Ásdís Þórbjarnardóttir hjúkrunarfræðingur varð varaformaður og Fjóla Haraldsdóttir sjúkraliði og djákni aðalmaður. Nýir í stjórn komu varamennirnir Kjartan Örn Sigurbjörnsson sjúkráhusprestur og Guðrún Dóra Guðmannsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Stjórnarfundir voru níu og haldnir mánaðarlega, á líknardeildinni í Kópavogi, frá september og fram á vor. Fyrsta verkefni stjórnar var að endurtaka síðasta vornámskeið *Fjölskyldan og virðing fyrir lífinu* í september og var aðsókn mjög góð. Má ætla að samtals hafi rúmlega 200 heilbrigðis-starfsmenn sótt námskeiðin vor og haust.

Þann 31. október var haldið upp á 2. alþjóðadag líknar sem að þessu sinni bar upp á 7. október. Öllum sem unnu við líknandi meðferð á höfuðborgarsvæðinu var boðið til fundar og þar töluðu Ólafur Á. Sveinsson læknir og heimspekinemi um rökin með og móti líknardrápi og Valgerður Sigurðardóttir um niðurstöður rannsóknar á heildrænni líðan sjúklinga í líknarmeðferð.

Á aðalfundi samtakanna árið 2005 var ákveðið að stofna styrktarsjóð og stjórn falið að útfæra málið. Starfsreglur voru samdar sl. haust og kynntar félagsmönnum í fréttabréfi. Engar athugasemdir bárust og voru reglurnar því samþykktar formlega á stjórnarfundum þann 31. október 2006. Stofnfé sjóðsins er 300.000 krónur. Stjórn sjóðsins skipa þrjú stjórnarmenn samtakanna og er gjaldkeri ávallt einn af þeim og er hann jafnframt prókúruhafi.

Markmið og hlutverk sjóðsins er að:

1. Stuðla að framhalds- og símenntun heilbrigðisstarfsmanna í líknarmeðferð.
2. Veita styrki til þróunarvinnu sem tengist beint líknarmeðferð á Íslandi svo sem rannsóknarvinnu, námskeiðshaldi, útgáfustarfssemi og öðru sem stuðlar að framþróun líknarmeðferðar.

Tveir styrkir voru veittir úr sjóðnum á starfsárinu, annars vegar 30 þúsund á ári í þrjú ár til gagnasafnsins [www.missir.is](http://www.missir.is) og hins vegar til Svandísar Írisar Hálfðánardóttur hjúkrunarfræðings til þess að þýða Liverpool Care Pathway yfir á íslensku.

Á haustmisseri var tekið upp samstarf við Rósu Stefánsdóttur margmiðlunarhönnuð um gerð merkis og vefsíðu fyrir samtökin. Afrakstur þeirrar vinnu varð tillaga að bæði nafni og merki fyrir samtökin. Hún lagði til að samtökin fengju nafnið “Lífið” með vatnaliljuna sem merki. Tillögur hennar voru samþykktar einróma. Nýtt nafn samtakanna og heimilisfang á líknardeildinni í Kópavogi var tilkynnt til Fyrirtækjaskrár. Jafnframt tók Rósa að sér vefsíðugerðina og er vefslóðin [www.lsl.is](http://www.lsl.is). Byrjað er á að setja inn á hana efni, s.s.s um stofnun



samtakanna, skilgreiningar á líknarmeðferð, síðustu fréttabréf, reglur styrktarsjóðsins og hafa allir stjórnarmenn unnið þar mikið verk. Vefurinn er formlega opnaður í dag, 21. maí.

Vandað fréttabréf var gefið út veturinn 2006 og annað er væntanlegt eftir aðalfund nú í vor. Fjóla Haraldsdóttir sjúkraliði hefur haft allan veg og vanda að útgáfu fréttabréfanna.

Á stjórnarfundum var rætt tilboð Dr. Ruthmarijke Smeding um 3-4 daga námskeið *Training the Teachers* þar sem hún kennir “kennurum” að kenna líknarmeðferð. Nokkur áhugi hefur verið á slíku námskeiði en ekki tókst að finna tíma sem hentaði báðum aðilum og er málinu vísað til næstu stjórnar.

Á haustmánuðum 2006 hafði fréttamaður frá Kastljósi sjónvarpsins samband við formann um gerð fréttainnskots um líknarmeðferð og líknardeildina í Kópavogi. Í framhaldinu var gert fréttainnskot um líknardeildina og sýnt í nóvembermánuði en ekki fjallað að neinu marki um líknarmeðferð í heild sinni.

Nýtt vornámskeið *Mat og meðferð einkenna og nærvera í hjáningu* var haldið í Fella- og Hólakirkju 22.-23. febrúar og 8.-9. mars síðast liðinn við góða aðsókn. Verið er að athuga með að endurtaka námskeiðið aftur næsta haust. Eins og áður hefur verið til síðs var 2 starfsmönnun frá 11G, 11E, líknardeildunum, Karitas og Heimahlynningu boðið á hvert námskeið.

Í byrjun árs 2007 hafði Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður samband við formann varðandi tilboð um gerð fræðslumyndbands um líknarmeðferð. Ákveðið var að taka tilboði Páls Kristins og Kvikmyndafélagsins Axs ef til þess fengjust styrkir. Þeir hafa áður gert myndir um ýmsa sjúkdóma, s.s. MS, heilabilun og kæfisvefn. Myndin tekur 3 mánuði í vinnslu og er vinna við hana þegar hafin. Hún verður um 28 mínútur að lengd og stefnt er að því að sýna hana í sjónvarpinu í byrjun október næst komandi á alþjóðadegi líknar. Fræðslumyndbandið kostar 2.8 milljónir og styrkir Oddfellowreglan á Íslandi að fullu gerð þess auk fjölföldunar en ætlunin er að dreifa því á sjúkrastofnanir. Eitt hundrað þúsund króna styrkur fékkst frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem notaður verður til þess að þýða texta fræðslumyndarinnar yfir á erlend tungumál.

Gert í Kópavogi 21. maí 2007  
Valgerður Sigurðardóttir formaður Lífsins

\*\*\*

Fréttir frá félaginu:

### **Bæklingur í vinnslu um sorgarviðbrögð og andlátsstundina**


Ulla Söderström er sænskur læknir sem starfað hefur til fjölda ára á líkandi vettvangi. Hún hefur skrifað greinar

og bækur um sorg, sorgarviðbrögð og andlátsstundina. Skrif sín byggir hún á starfi sínu og upplifun. Ulla hefur gefið út mjög áhugaverðan bækling sem hún nefnir “livets sidste tid”. Bæklingurinn er ætlaður til að hjálpa fjölskyldunni að skilja betur það sem gerist í líkamanum þegar ástvinur er að deyja. Ulla nær á einstakan hátt að leiða fjölskylduna áfram gegnum það erfiða ferli jafnframt því að gefa ráð og leiðbeiningar hvað fjölskyldan geti gert til að þeim sjúka líði betur.

Ulla hefur mjög ákveðnar skoðanir um útlit og hönnun bækling síns, hún vill ekki að hann sé tiltækur á tölvutæku formi heldur afhentur fjölskyldunni sérstaklega sem bæklingur með því móti telur Ulla að fagfólk geti veitt fjölskyldunni meiri stuðning og fræðslu ef spurningar vakna í kjölfarið. Ulla vill hafa bæklinginn einfaldan og með stóru letri fyrir augu sem full eru af tárur, hún myndskreytir hann sjálf. Bæklingurinn er gefinn út bæði í Svíþjóð og Finnlandi.

*Lífið* hefur farið þess á leit við Ullu að fá að þýða bæklinginn á íslensku og gefa hann út. Ulla hefur gefið samþykki sitt og mun það vera hluti af starfsemi Lífsins vorið 2008, að þýða og gefa út bækling Ullu Söderstöm.

Útgáfudagur og hvernig hægt verður að nálgast bæklinginn mun verða tilkynnt á heimasíðu félagsins [www.lsl.is](http://www.lsl.is) á vormánuðum 2008./ÁÐ



## **Fræðslumyndbandið Líf og líkn**

Eins og þið sáuð í síðasta fréttabréfi ákvað stjórn Lífsins sl. vor að taka tilboði Páls Kristins Pálssonar kvikmyndagerðarmanns og Kvikmyndafélagsins Ax um gerð fræðslumyndar um líknandi meðferð á Íslandi. Undirbúningsvinna hófst í maí og lauk tókum að mestu í júní. Lokagerð myndarinnar tók hins vegar mun lengri tíma en áætlað var þar sem skera þurfti m.a. fjórar klst. af töluðu efni niður í 28 mínútna myndskleið! Afraksturinn var svo frumsýndur í sjónvarpinu sunnudaginn 25. nóvember síðast liðinn og endursýndur viku síðar. Næsta verkefni verður að fá myndina fjölfaldaða og er ætlunin að dreifa henni ókeypis á heilbrigðisstofnanir og almenningsbókasöfn. Jafnframt er stefnt að því að þýða texta myndarinnar á ensku og pólsku. Oddfellowreglan á Íslandi kostaði gerð myndarinnar./VS

## **Fyrirhugað námskeið eða ráðstefna í vor**

Lífið samtök um líknandi meðferð undirbýr nú námskeið eða ráðstefnu á vorönn, þar sem lögð verður áhersla á líknandi meðferð hjartasjúklinga, lungnasjúklinga og sjúklinga með taugasjúkdóma.

Von okkar er að við fáum fyrirlesara utanlands frá, sem hefur sérhæft sig á sviði líknandi meðferðar þessara sjúklingahópa. Hérlendis eigum við líka fólk sem hefur kynnt sér og notað líknandi meðferð í tengslum við þennan hóp og munum við njóta krafta þeirra. Nánar auglýst síðar./RK

## **Heimasíða Lífsins, samtaka um líknandi meðferð**

Samtökin opnuðu heimasíðu síðastliðið vor . Þar er að finna fréttir úr starfinu, ýmislegt sem er á döfnni, greinar og fróðleik um líknarþjónustu. Kynnið ykkur heimasíðuna. Slóðin er: [www.lsl.is](http://www.lsl.is)

\*\*\*

Fréttamolar úr líknarþjónustu:

### **Dagdeild við líknardeildina í Kópavogi**

Nýja viðbótin við líknardeildina í Kópavogi, dag-, göngu- og fimmdagadeild, var afhent Landspítalanum af Oddfellow reglunni þann 4. september. Fyrstu skólstæðingarnir komu á dagdeildina 20. september. Dagdeildin er ætluð sjúklingum með ólæknandi sjúkdóm sem dvelja heima. Ástæður umsókna geta verið ýmsar s.s. líkamleg og eða sálfélagsleg endurhæfing, að rjúfa félagslega einangrun eða hvíld fyrir aðstandendur sem annast einstaklinginn heima. Áhersla er lögð á forvarnarstarf, meðferð og eftirlit einkenna og að stuðla að sem mestum lífsgæðum. Í vikunni fyrir komu á dagdeild er úthlutað einum ákveðnum vikudegi, næstu 12 vikurnar. Starfsemi dagdeildar verður þriðjudag til

fimmtudags þannig að allt að 18 einstaklingar geta notið þjónustunnar vikulega miðað við að sex einstaklingar komi daglega þessa þrjá daga.

Þjónustan er veitt af þverfaglegu teymi. Því tilheyra hjúkrunarfræðingur, iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari og sjúkraliði. Einnig er möguleiki á að fá félagsráðgjafa, lækni, prest og sálfræðing á dagdeildina ef þörf er á. Mikil samvinna er við sérhæfðu heimaþjónusturnar og líknardeildina. Skjólstæðingar á legudeild og fimmdagadeild sem treysta sér taka einnig þátt í starfssemi dagdeildar.

Ekki er greitt fyrir þjónustuna enn um sinn, en skjólstæðingarnir þurfa sjálfir að sjá um ferðir til og frá dagdeild. Þeir fyrstu eru að koma um kl. 9 á morgnana og þeir síðustu eru að fara um kl.15.30.

Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur,  
Dagdeild Líknardeildar Kópavogi



## **Meðferðarferli fyrir deyjandi – Liverpool Care Pathway**

Árið 2006 fékkst gæðastyrkur frá Landspítala til grunnmælinga (úttektar), innleiðingar og forprófunar á meðferðarferli /skráningarferli fyrir deyjandi sjúklinga. Þetta meðferðarferli er þróað í Bretlandi af Marie Curie Cancer Care og The University of Liverpool og kallast The Liverpool Care Pathway (LCP). Þetta ferli er notað víða í Bretlandi bæði á líknardeildum og bráðadeildum og er m.a. verið að taka upp í Noregi og Svíþjóð.

Meðferðarferlið var þróað sérstaklega til að flytja hugmyndafræði líknarmeðferðar frá líknardeildum yfir á aðrar deildir og stofnanir, s.s. bráðadeildir og öldrunarstofnanir. Meðferðarferlið er sett í gang þegar allir teymismedlimir eru sammála um að viðkomandi sjúklingur er deyjandi og er ætlað að tryggja reglulegt mat á ástandi og þörfum sjúklings og þörfum aðstandenda eftir andlát.

Meðferðarferlið er byggt upp af langri klínískri reynslu og gagnreyndri þekkingu og veitir meðferðaraðilum umgjörð hvað varðar umönnun deyjandi sjúklinga. Með þessu er hægt að tryggja að öllum deyjandi sjúklingum sé tryggð ákveðin gæði í umönnun og meðferð við lífslok þar sem í meðferðarferlinu eru innbyggð fyrirmæli og krafa um skráningu ef breytt er út frá meðferðinni.

Samvinna er höfð við stofnunina í Bretlandi varðandi grunnmælingu (úttekt), forprófun og innleiðingu ferlisins.

Áætlað er að prófa meðferðarferlið á þremur deildum Landspítalans: líknardeild í Kópavogi, líknardeild á Landakoti og krabbameinsdeild 11-E. Til að meta núverandi skráningu verður gerð úttekt úr 20 sjúkraskrár látinna einstaklinga á hverri deild. Fyrst og fremst er um að ræða mat á skráningu en ekki mat á gæðum þjónustu sem veitt var. Stefnt er að innleiðingu ferlisins á þessum deildum og að mat verði gert á 20 fyrstu meðferðarferlunum sem notuð verða á hverri deild og ákvörðun um áframhaldandi notkun tekin í kjölfar þess. Meðferðarferlið hefur verið þýtt á íslensku og staðfært með styrk frá Lífínu. Úttekt á skráningu á ofangreindum deildum er hafin og vonast er til að niðurstöður liggi fyrir í janúar/febrúar. Innleiðing fer að öllum líkindum af stað í janúar/febrúar 2008.

Svandís Íris Hálfánardóttir  
Sérfræðingur í hjúkrun  
Líknardeild LSH Kópavogi.

\*\*\*



# Líknarþjónusta á Íslandi 2007

## **1. Heimahlynning, LSH**

Sérhæfð heimaþjónusta

Hús 10 jarðhæð, Kópavogsbraut 5-7,

200 Kópavogur, sími 543 6360

## **2. Hjúkrunarþjónustan Karitas,**

Sérhæfð heimaþjónusta

Ægisdaga 26, 101 Reykjavík, sími 551 5606

## **3. Líknarráðgjafarateymi, LSH, ráðgjöf**

Eiríksgata 19,

sími 825 5114 eða 825 5115

## **4. Líknardeild LSH, Kópavogi**

Sjúkradeild 8 rúm

Dagdeild: opin þri.-fimmtud. Kl. 9.00-16.00. Í boði er  
dvöl ein dag í viku

Göngudeild: Læknir hefur móttöku á föstudögum fyrir  
hádeggi. Sími á dag og göngudeild er 543-6608

Kópavogsbraut 5-7, 200 Kópavogur,

sími 543 6602/6605

## **5. Líknardeild, öldrunarsviði, LSH**

Sjúkradeild 9 rúm

Landakoti v/Túngötu,

sími 543 9874

**6.. Heimahlynning Akureyri,**  
Austurbyggð 12, 600 Akureyri,  
sími 460 4600

**7. Heimahjúkrun,**  
Heilbrigðisstofnun Sauðárkróki  
sími 455 4036

**8. Heimahjúkrun,**  
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja,  
Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ,  
sími 422 0568

Heimilisfang Lífsins, samtaka um líknandi meðferð:  
Líknardeild LSH  
Kópavogsbraut 5-7, 200 Kópavogur